

4. Skotvellir
5. Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús o.þ.h.
6. Æfingasvæði slökkviliós
7. Þvottahús
8. Gámastaðir, gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni
9. Endurvinnsla úrgangs
10. Gasbirgðastöðvar
11. Kyndistöðvar

1 *Annar sambærilegur rekstur.*

23. maí 1996

Nr. 295

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingum á skipulagsskrá fyrir
Námssjóð Lis og Ingvarð Thorsen nr. 244/1978,
sem staðfest var skipulagsskrá fyrir 29. maí 1978.**

Stjórn Námssjóðs Lis og Ingvarð Thorsen hefur hinn 4. júlí 1995 samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins sem staðfest var 29. maí 1978:

1. gr.

6. gr. orðist svo: Í stjórn sjóðsins skulu vera 3 menn tilnefndir til 2ja ára. Einn tilnefndur af stjórn Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins og skal hann vera formaður sjóðsstjórnar, annar tilnefndur af skólástjórum Bændaskólans á Hólum, Bændaskólans á Hvanneyri og Garðyrkjuskóla ríkisins og þriðji tilnefndur af stjórn Búnaðar- og garðyrkjukennarafélags Íslands.

2. gr.

8. gr. orðist svo: Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins annast ritara- og skrifstofustörf sjóðsins endurgjaldslaust samkvæmt nánara samkomulagi milli UPL og sjóðsstjórnar.

3. gr.

9. gr. orðist svo: Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum UPL.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Námssjóð Lis og Ingvarð Thorsen staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. maí 1996.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.